

Skilmálar um aðgang fyrir upplýsingakerfi Sjúkratrygginga

1. TILGANGUR

- 1.1 Skilmálum þessum er ætlað að setja fram reglur sem gilda um aðgangsveitingu að upplýsingakerfum Sjúkratrygginga. Með upplýsingakerfum er átt við raungrunna og prófunargrunna.
- 1.2 Skilmálunum er ætlað að tilgreina aðgangsheimildir, eðli, tilgang, öryggisráðstafanir og skyldur notanda. Með notanda er átt við heilbrigðisstarfsmenn og rekstraraðila sem eru í viðskiptum eða eiga í samskiptum við Sjúkratryggingar, þar á meðal starfsfólk þeirra og undirvinnsluaðilar þeirra.
- 1.3 Þeir notendur sem eiga í viðskiptum eða samskiptum við Sjúkratryggingar vegna málefna skjólstæðinga stofnunarinnar geta fengið aðgang að upplýsingakerfum Sjúkratrygginga.
- 1.4 Notanda er veittur aðgangur þegar hann hefur undirgengist skilmála þessa.

2. AÐGANGUR

- 2.1 Starfsemi notanda (heilbrigðisþjónusta): Tannlæknir.
- 2.2 Notandi: [...] og kt. [...].
- 2.3 Aðgangur er nýttur til að sækja upplýsingar í upplýsingakerfi eða við þróun í prófunargrunnum, með örugum hætti.
- 2.4 Aðgangur að upplýsingakerfum er bundinn kennitölu notanda. **Ekki er heimilt** að flytja þann rétt til annarra, þar á meðal lögaðila. Á það jafnframt við bann um samnýtingu aðgangs starfsfólks notanda.
- 2.5 Notandi skal aðeins nýta aðgang í samræmi við ákvæði 1.3. Í því felst að bannað er að nýta aðgang í eigin þágu.
- 2.6 Ef veita á vinnsluaðila notanda aðgang að prófunargrunnum þarf að fylla út beiðni á sjukra.is og senda afrit af vinnslusamningi sem er í gildi á milli notanda og vinnsluaðila hans.

3. UPPLÝSINGAÖRYGGI OG SKYLDUR NOTANDA

- 3.1 Notandi skal bundinn af öllum viðeigandi lagaákvæðum sem varða vinnslu persónuupplýsinga og upplýsingaöryggi þegar unnið er með upplýsingar og gögn í upplýsingakerfum og þá sérstaklega ákvæðum **persónuverndarlaga** og **persónuverndarreglugerðarinnar**. Sjúkratryggingar vinna eftir öryggisreglum sem byggja á alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001. Notandi ber ábyrgð á því að fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum Sjúkratrygginga um hvernig meðhöndla á gögn og upplýsingar í kerfum stofnunarinnar. Leiðbeiningar geta meðal annars snúið að því hvernig skal skrá upplýsingar, hvernig á að vernda þær, hver má hafa aðgang og hvernig á að bregðast við ef upp koma frávik eða öryggisbrestir. Notandi ber ábyrgð á að tryggja að gögn séu meðhöndluð á öruggan og réttan hátt í allri vinnu sem tengist Sjúkratryggingum.
- 3.2 Notanda ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við innskráningu og notkun aðgangs.
- 3.3 Notandi og starfsfólk hans eru bundin trúnaði um allar upplýsingar sem þau hafa aðgang að á grundvelli samnings þessa. Notandi skal tryggja að allir sem hafa aðgang:
- (a) séu meðvitaðir um þann trúnað sem fylgir aðgengi að gögnum skjólstæðinga og séu bundnir trúnaðarskyldu samkvæmt samningi, þ.e. hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingu, eða séu bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum. Trúnaðarskyldan gildir þótt notandi eða starfsfólk hans láti af störfum og eftir að skilmálar þessir falla úr gildi og
 - (b) hafi fengið viðeigandi þjálfun í vernd persónuupplýsinga og fræðslu um skilyrði persónuverndarlaga í tengslum við vinnslu gagna í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga.
- 3.4 Notandi skal vera með viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi (vernd gagna) í sínum upplýsingakerfum og innviðum, í samræmi við kröfur persónuverndarlaga og persónuverndarreglugerðarinnar, með hliðsjón af áhættu.
- 3.5 Notandi og/eða starfsfólk hans skulu aðeins tengjast og nota aðgang að upplýsingakerfum Sjúkratrygginga með öruggum tölvubúnaði á starfsstöð eða öðru öruggu svæði. Notandi og/eða starfsfólk hans skulu ekki tengjast opnu neti (almenningsneti) þegar unnið er með persónugreinanleg gögn.
- 3.1 Notandi skal sjá til þess að tæknibúnaður, forrit og hugbúnaður sem notuð eru við vinnslu upplýsinga séu hönnuð með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi, og séu með vírusvörnum, aðgangsstýringum og öðrum viðeigandi öryggisráðstöfunum.

- 3.2 Notandi skal tryggja raunlægt öryggi að starfsstöð þar sem aðgengi að upplýsingainnvíðum er stýrt. Þess skal gætt að óviðkomandi einstaklingar hafi ekki aðgang að starfsstöð.
- 3.3 Notandi og/eða starfsfólk hans skulu ekki vista eða afrita persónugreinanleg gögn úr upplýsingakerfum Sjúkratrygginga. Notandi og starfsfólk hans skulu viðhafa sérstaka aðgát við að miðla upplýsingum úr upplýsingakerfum Sjúkratrygginga til skjólstæðinga.
- 3.4 Notandi skal viðhafa stýringar sem tryggja rekjanleika aðgerða í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga.
- 3.5 Notandi skuldbindur sig til að hlíta í hvívetna fyrirmælum Sjúkratrygginga um atriði er varða öryggi gagna í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga er notandi hefur aðgang að. Slík fyrirmæli geta meðal annars varðað einstök atriði við framkvæmd vinnslu eða öryggisráðstafanir er notanda ber að hlíta.

4. BANN VIÐ NOTKUN OG VINNSLU Í UPPLÝSINGAKERFUM UTAN EES

- 4.1 Notanda er óheimilt að tengjast og vinna í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga utan Evrópska Efnahagssvæðisins (EES), jafnvel þótt um sé að ræða land sem telst tryggja persónuupplýsingum fullnægjandi vernd, sbr. 16. gr. persónuverndarlaga og 45. gr. persónuverndarreglugerðarinnar. Sama á við um vinnsluaðila sem starfa samkvæmt vinnslusamningi við notanda.

5. TILKYNNINGAR UM ÖRYGGISBRETI

- 5.1 Notandi skal tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við kröfur persónuverndarlaga.
- 5.2 Notandi skal tilkynna Sjúkratryggingum um það án ótilhlýðilegrar tafar, eða í síðasta lagi innan 24 klst., ef hann verður var við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga. Atvik sem ber ávallt að tilkynna eru t.d. ef notandi verður á einhvern hátt var við að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgang og ef gögn eða aðrar upplýsingar hafa komist í hendur rangra aðila. Tilkynning skal send á netfangið: personuvernd@sjukra.is.
- 5.3 Notandi skal einnig tilkynna Sjúkratryggingum um frávik sem tengjast kerfislægum veikleikum, ef um rof á þjónustu, villu í gögnum eða öðru sem er til þess fallið að hafa áhrif á starfsemi, upplýsingaöryggi eða vernd upplýsinga. Tilkynning skal send á netfangið: hjalp@sjukra.is. Tilkynning skal vera skýr þannig að ljóst sé hvað sé verið að tilkynna þannig að Sjúkratryggingar geti ráðist í viðeigandi ráðstafanir. Tilkynningar um áðurnefnd atriði skulu berast Sjúkratryggingum strax eftir að frávik uppgötvast. Ef réttmætar ástæður eru fyrir því að ekki er

hægt að tilkynna strax skal tilkynning berast eigi síðar en innan 24 klst., ásamt rökstuðningi fyrir töf á tilkynningu.

6. ANNAÐ

- 6.1 Verði notandi uppvís að því að brjóta gegn skilmálum þessum, vanrækja skyldur sínar eða misnota aðgang sinn að upplýsingakerfum Sjúkratrygginga á annan hátt, eða ljóst þykir að hann hvorki getur né ætlar að uppfylla ákvæði þessara skilmála er Sjúkratryggingum, án sérstaks fyrirvara, heimilt að loka á aðgang notanda og krefja hann um skaðabætur og/eða beita öðrum lögmætum úrræðum vegna tjóns er Sjúkratryggingar eða skjólstæðingar stofnunarinnar kunna að verða fyrir vegna brotsins.
- 6.2 Upplýsingar í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga geta byggt á skráningu ytri aðila. Í þeim tilvikum bera Sjúkratryggingar hvorki ábyrgð á réttmæti né áreiðanleika upplýsinga. Verði notandi áskynja um að upplýsingar í upplýsingakerfum Sjúkratrygginga séu rangar ber að tilkynna Sjúkratryggingum um það án tafar.

7. BREYTINGAR Á SKILMÁLUM

- 7.1 Sjúkratryggingar áskilja sér einhliða rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum og tilkynna um þær í rafrænni tilkynningu með að minnsta kosti 30 daga fyrirvara. Tilkynning er send til notanda með sannanlegum hætti áður en ný eða breytt ákvæði taka gildi.
- 7.2 Sjúkratryggingum er þó heimilt að gera breytingar á skilmálum með skemmri fyrirvara ef slíkar breytingar á skilmálum eru nauðsynlegar samkvæmt lögum. Í slíkum tilvikum þar sem fyrirvarinn kann að vera skemmri tilkynna Sjúkratryggingar notanda um breytingarnar eins fljótt og auðið er.

8. GILDISTÍMI OG UNDIRRITUN

- 8.1 Skilmálar þessir koma í stað eldri samninga Sjúkratrygginga vegna tenginga notenda við upplýsingakerfi stofnunarinnar.
- 8.2 Skilmálar þessir taka gildi gagnvart notanda við undirritun og halda gildi sínum svo lengi sem notandi er með aðgang að upplýsingakerfum Sjúkratrygginga. Undirritun fer fram með rafrænum hætti.
- 8.3 Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir notandi því yfir að hann muni framfylgja þeim við notkun upplýsingakerfa Sjúkratrygginga.